

Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um kostnað við lækun höfuðstóls verðtryggðra lána í íslenskum krónum til heimila.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hvað kostar að lækka höfuðstól verðtryggðra lána hjá:
 - a. Íbúðalánasjóði,
 - b. Lánasjóði íslenskra námsmanna,
 - c. lífeyrissjóðum,
 - d. öðrum aðilum sem veita verðtryggð lán í íslenskum krónum til heimila, um annars vegar 10% og hins vegar 20%?
2. Hver yrðu mánaðarleg áhrif á greiðslubyrði:
 - a. meðalláns Íbúðalánasjóðs til 40 ára,
 - b. 20 millj. kr. láns til 40 ára,
 - c. 40 millj. kr. láns til 40 ára,
 - d. 5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur verkfræðings,
 - e. 5 millj. kr. námsláns einstaklings með meðaltekjur leikskólakennara, annars vegar miðað við 10% og hins vegar 20% niðurfellingu höfuðstóls?
3. Hver yrði kostnaðurinn fyrir:
 - a. ríkissjóð,
 - b. lífeyrissjóðina,
 - c. aðra fjármagnseigendur?
4. Telur ráðherra að slík niðurfelling muni hafa áhrif á:
 - a. fjárhag ríkisins, þ.m.t. lífeyrisskuldbindingar, Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna,
 - b. lífeyrisgreiðslur,
 - c. fjármagnsmarkað, m.a. vaxtastig,
 - d. fasteignamarkað, m.a. fasteignaverð og veðsetningarhlutfall húsnæðis?
5. Telur ráðherra að lækun höfuðstóls verðtryggðra lána kunni að hafa mismunandi áhrif á lífeyrisréttindi fólks sem starfar hjá hinu opinbera annars vegar og á almennum markaði hins vegar? Í hverju er sá munur fólgin?

Skriflegt svar óskast.